## Hljómsveit á tónleikum
17. mars 2016

**1. Fiðla**
Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Laufey Jensdóttir
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Pascal La Rosa

**2. Fiðla**
Greta Guðnadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Roland Hartwell
Margrét Þorsteinsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson

**Víóla**
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir

**Selló**
Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

**Bassi**
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

**Flauta**
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Hafdís Vigfúsdóttir

**Óbó**
Matthías Nardeau
Peter Tompkins
Össur Ingi Jónsson

**Klarínett**
Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

**Fagott**
Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

**Horn**
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

**Trompet**
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

**Básúna**
Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Alon Stoler
David Bobroff, bassabásúna

**Túba**
Nimrod Ron

**Harpa**
Katie Buckley

**Píanó/Celesta**
Anna Guðný Guðmundsdóttir
Valgerður Auður Andrésdóttir

**Pákur**
Eggert Pálsson

**Slagverk**
Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason
Matthías Hemstock

**Rafbassi**
Skúli Sverrisson

**Ondes Martenot**
Frank Aarnink


SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Föstudagsröðin

**Föstudagsröðin** er ný tónleikaröð í Norðurljósum í Hörpu þar sem hljómsveitarstjórinn **Daníel Bjarnason** teflir saman hljómsveitarverki og einleiksverki á klukkustundarlöngum tónleikum.

**Hafið, hafið...**
Fös **1. apríl** » 18:00

Miðaverð: 2.700 kr.

***Maurice Ravel*** *Jeux d'eau*
***Toru Takemitsu*** *Toward the Sea*
***Claude Debussy*** *La mer*
***Birna Hallgrímsdóttir,***
***Melkorka Ólafsdóttir*** og
***Katie Buckley*** *einleikarar*



@icelandsymphony #sin

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA


SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Kvikmyndatónleikar Jóhann Jóhannsson

17. MARS 2016



# Kvikmyndatónleikar Jóhann Jóhannsson

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 17. MARS 2016 » 20:00

**Adrian Prabava** hljómsveitarstjóri

| | |
|---|---|
| **Jóhann Jóhannsson** | ***Prisoners, svíta*** |
| **Mica Levi** | ***Under the skin*** |
| **Jóhann Jóhannsson** | ***Sicario, svíta*** |
| | ***Theory of Everything, svíta*** |

*Hlé*

| | |
|---|---|
| **Jonny Greenwood** | ***There Will Be Blood, svíta*** |
| | *i Open Spaces* |
| | *ii Future Markets* |
| | *iii HW/Hope of New Fields* |
| | *iv Henry Plainview* |
| | *v Proven Lands* |
| | *vi Oil* |
| **John Williams** | ***Jurassic Park, meginstef*** |
| | ***Schindler's List, meginstef*** |
| | ***Adventures on Earth úr ET*** |
| | ***Superman, meginstef*** |

Tónleikarnir eru u.þ.b. tveggja tíma langir með 20 mínútna hléi.
Tónleikarnir eru sendir beint út á Rás 1.

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Reykjavíkurborg

@icelandsymphony #sinfó www.sinfonia.is



**Jóhann Jóhannsson** telst nú til helstu kvikmyndatónskálda samtímans. Hann hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir *The Theory of Everything*. Nú í vetur var hann tilnefndur til Óskarsverðlaunanna annað árið í röð, í þetta sinn fyrir tónlist við myndina *Sicario* en áður hafði hann fengið tilnefningu fyrir tónlistina í *The Theory of Everything*. Einnig hefur hann í tvígang verið tilnefndur til BAFTA-verðlaunanna.

Á þessum tónleikum eru frumfluttar þrjár nýjar hljómsveitarsvítur með kvikmyndatónlist Jóhanns: *Sicario*, mynd með Emily Blunt og Josh Brolin í aðalhlutverkum þar sem baráttan gegn stigmagnandi eiturlyfjastríði á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó er viðfangsefnið. *The Theory of Everything*, mynd um eðlisfræðinginn Stephen Hawking, með Eddie Redmayne og Felicity Jones í aðalhlutverkum og *Prisoners*, spennumynd með Hugh Jackman og Jake Gyllenhaal í aðalhlutverkum.

Auk þess hefur Jóhann sjálfur valið á efnisskrána nýlega kvikmyndatónlist sem hann hefur mikið dálæti á, eftir þau **Jonny Greenwood**, meðlim í Radiohead, og söng- og tónskáldið **Mica Levi**. Tónlist Greenwood, *There will be blood*, er úr samnefndri Óskarsverðlaunamynd frá árinu 2007 sem byggð er á sögu Upton Sinclair, *Oil!* Í þessu epíska drama um botnlausa gróðahyggju á uppgangsárum olíuvinnslu í Suður-Kaliforníu á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu eru þeir Daniel Day-Lewis og Paul Dano í aðalhlutverkum. Tónlist Mica Levi, sem vakið hefur verðskuldaða athygli, er úr hryllingsmyndinni *Under the skin* frá 2013. Myndin byggir lauslega á samnefndri vísindaskáldsögu eftir Michael Faber en þar segir frá konu, leikinni af Scarlett Johansson, sem stundar þá iðju að tæla einmana karlmenn að kvöldlagi í Skotlandi.

Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur einnig sívinsæla tónlist eftir **John Williams**, meðal annars úr *Jurassic Park*, *Superman* og *ET*. Williams er í hópi merkustu kvikmyndatónskálda sögunnar og hefur enginn, fyrir utan Walt Disney, hlotið jafn margar Óskarstilnefningar fyrir störf sín í kvikmyndageiranum.

Stjórnandi tónleikanna er indónesíski hljómsveitarstjórinn **Adrian Prabava** sem hefur hlotið lof og eftirtekt fyrir litríka túlkun sína. Eftir að hafa starfað sem aðstoðarhljómsveitarstjóri Kurts Mazur við Þjóðarhljómsveitina í Frakklandi hefur hann stjórnað fjölda hljómsveita í Þýskalandi og Mið-Evrópu, auk Norðurlandanna. Prabava stýrir nú Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn.